

Sp.

46. Fyrirspurn

[46. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hefur undirnefnd þeirrar nefndar um geðheilbrigðismál, er skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 15. júlí 1981 og hefur fjallað sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga, meðal annars vandamál vegna fíkniefnaneyslu, skilað heildartillögum eins og áætlað var?
2. Hverjar eru tillögur hennar til úrbóta varðandi athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögu undirnefndarinnar í þessum efnum?